

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um búvörulög (afurðarstöðvar í kjötiðnaði), 295. mál.**

Frumvarpið barst Landssambandi kúabænda (LK) til umsagnar í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dagsett 25. febrúar 2019.

Landssamband kúabænda fagnar því frumvarpi sem hér er komið fram. Samkeppnisstaða íslensks landbúnaðar hefur tekið miklum breytingum á skömmum tíma. Markaðurinn er lítill og með síauknum innflutningi er landbúnaðurinn kominn í beina samkeppni við stórfyrirtæki sem starfa á margfalt stærri mörkuðum. Til að setja stærð markaðarins í samhengi voru tæplega 22.800 nautgripir sendir í sláturhús hér á landi allt árið 2018, samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun. Til samanburðar er afkastageta sláturhúss Danish Crown í Holsted á Jótlandi um 4.500 nautgripir á viku. Ársframleiðslan hér á landi samsvarar því um 5 vikna slátrun í einu dönsku sláturhúsi. Það er ljóst að erlendar afurðastöðvar geta náð fram mun meiri stærðarhagkvæmni en möguleiki er fyrir íslenska landbúnaðarframleiðslu.

Tekið skal undir þau orð í greinargerð frumvarpsins að takmörkun á sameiningu afurðastöðva í kjötiðnaði skilar sér í of háum rekstrarkostnaði, háu verði til neytenda og lágu afurðaverði til bænda. Með breytingum í þessa átt telja samtökin þó að hægt sé að ná fram aukinni stærðarhagkvæmni sem mun skila sér í bættum hag bænda, afurðastöðva og neytenda.

Flest lönd heims hafa sérstök lög um landbúnaðarframleiðslu. Misjafnar leiðir eru farnar í þeim málum en markmiðið er ávallt það sama; að viðhalda landbúnaði í viðkomandi landi og skapa skilvirka umgjörð fyrir alla keðjuna, allt frá framleiðslu til neytanda. **Að framansögðu leggur Landssamband kúabænda því til að frumvarp þetta verði samþykkt. Samtökin lýsa sig reiðubúin til að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.**

Virðingarfyllt,

  
Margrét Gísladóttir

*Framvkæmdastjóri Landssambands kúabænda*